

## Fontur-félag smábátæigenda á NA-landi

Á fundi stjórnar Fonts þann 2. apríl 2024 var eftirfarandi samþykkt:

### Strandveiðar.

Stjórn smábátafélagsins Fonts skorar á matvælaráðherra og Alþingi að tryggja strandveiðar í 48 daga á tímabilinu maí til ágúst komandi sumar.

Síðustu ár hafa strandveiðar verið stöðvaðar æ fyrr með hverju árinu, síðast í byrjun júlí með tilheyrandi tjóni fyrir okkar félagsmenn sem hafa jafnan ekki ásættanlega afkomu af strandveiðum fyrr en í júlí og ágúst þegar stærri og verðmætari fiskur gengur á okkar veiðislóðir.

Standi vilji stjórnvalda ekki til þess að tryggja nægar veiðiheimildir sem duga fyrir 48 daga verði dögum fækkað. Í stað tólf daga í hverjum mánuði verði fjöldi veiðidaga tíu.

**Samhliða breytingunni verði tryggt að ákvæðið um að Fiskistofa skuli stöðva veiðar þegar sýnt þykir að leyfilegum heildarafla verði náð, komi ekki til framkvæmda.**

Breytingin mun tryggja fullt jafnræði strandveiða milli allra landshluta.

### Almennur og sértækur byggðakvóti.

Í ljósi þess að nú stendur yfir úttekt Ríkisendurskoðunar á ráðstöfun byggðakvóta (almennum og sértækum) og einnig að samningar Byggðastofnunar um sértækan byggðakvóta renna út um næstu fiskveiðiáramót viljum við koma eftirfarandi sjónarmiðum á framfæri við matvælaráðherra og Alþingi.

Samningar Byggðastofnunar um sértækan byggðakvóta til 6 ára hafa víðast hvar ekki náð þeim markmiðum um „byggðafestu” sem stefnt var að (Grímsey er nærtækt dæmi með fullri virðingu fyrir félögum okkar þar) og mun úttekt Ríkisendurskoðunar væntanlega leiða í ljós það mikla hnökra á því kerfi að það verði aflagt.

**Almennur byggðakvóti** hefur það fram yfir sértækan að skilyrði um að fiskiskip landi tvöföldu því magni sem þau fá úthlutað til vinnslu innan viðkomandi byggðarlags eru einföld, skýr og hafa reynst vel í framkvæmd. Fiskistofa hefur eftirlit með að þau séu uppfyllt og nákvæmt yfirlit yfir stöðu almenns byggðakvóta er alltaf aðgengilegt á vef Fiskistofu. Almennur byggðakvóti er háður lágmarksverði til sjómanna og skilar viðkomandi hafnarsjóðum því eðlilegum tekjum.

Byggðastofnun hefur lögum samkvæmt eftirlit með nýtingu á **sértækum byggðakvóta** en þar liggja ekki fyrir neinar opinberar upplýsingar um raunverulega framkvæmd samninga um þann kvóta, sem verður að teljast undarlegt í ljósi þeirra miklu verðmæta sem felast í þeim samningum.

Það er flestum ljóst að sú mikla samþjöppun sem orðið hefur í sjávarútvegi undanfarna áratugi og samþjöppun aflaheimilda á færri hendur er aðalorsök þess samdráttar í veiðum og vinnslu í minni byggðarlögum sem byggðakvótum er ætlað að bæta fyrir.

Því þykir okkur skjóta skökku við að sum af stærstu sjávarútvegsfyrirtækjum landsins skuli fá úthlutað byggðakvóta í hvoru kerfinu sem er, með fullri virðingu fyrir þeim ágætlega reknu fyrirtækjum þá getur tjónvaldurinn varla átt rétt til skaðabótanna?

Verði lögum um stjórn fiskveiða breytt á næstunni viljum við að tekið sé tillit til ofangreindra sjónarmiða og teljum að eftirfarandi myndi bæta hag minni sjávarbyggða verulega, bæði hvað varðar afkomu smærri útgerða, tekjur viðkomandi sveitarfélaga og almennt mannlíf í sjávarbyggðunum.

1. Sértekur byggðakvóti verði að mestu afgangurinn og þær heimildir færðar í strandveiði og almennan byggðakvóta. (Fiskvinnsla sem í dag fær sértækan byggðakvóta væri áfram með aðgang að hráefni með almennum byggðakvóta á verðlagsstofuverði, ef hún gengi ekki þannig, á hún þá rétt á sér?)
2. 10 stærstu kvótahafar í aflamarki og krókaafلامarki fengju ekki úthlutað byggðakvóta, tjónvaldarnir eiga ekki rétt til tjónabótanna, meira til skipta fyrir þá sem þurfa raunverulega á byggðakvótanum að halda, þ.e. einyrkjaútgerðir sem lifa á bolfiskveiðum og eru ekki hluti af „lóðrétt samþættum“ stórútgerðar, vinnslu og sölufyrirtækjum.
3. Stjórnvöld hafi ávallt til hliðsjónar við breytingar á lögum um stjórn fiskveiða að hafa nýliðun í greininni mögulega því að okkar mati er það dapurleg framtíðarsýn að örfá stórfyrirtæki veiði og vinni allt sjávarfang af Íslandsmiðum. Við í afskekktustu byggðum landsins viljum og þurfum að hafa möguleika á að stunda fiskveiðar okkur til framfæris um ókomna tíð...

## Þórshöfn 2. apríl 2024

Oddur Vilhelm Jóhannsson formaður Vopnafirði

Jón Svansson gjaldkeri Vopnafirði

Sigurður Ragnar Kristjánsson ritari Þórshöfn

Halldór R. Stefánsson Þórshöfn